

**Sb.**

**195. Fyrirspurnir**

[108. mál]

I. Til forsætisráðherra um lýðveldisfánann.

Frá Gísla Jónssyni.

Hvar er lýðveldisfáninn, sem dreginn var að hún á Lögbergi við lýðveldisstofnunina, varðveittur?

II. Til landbúnaðarráðherra um límvatn til áburðar.

Frá Gísla Jónssyni.

Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma á s. l. sumri tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar, samkvæmt þingsályktun frá 18. jan. þ. á., og ef svo er, hver er árangurinn?

III. Til sjávarútvegsmálaráðherra um soðkjarnaverksmiðju.

Frá Gísla Jónssyni.

Hvað líður byggingu stöðvar til hagnýtingar efna úr sildarsoði, sem heimilað var með lögum frá síðasta Alþingi að reisa við sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði?

IV. Til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi dýpkunarskipið „Gretti“.

Frá Gísla Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að draga úr rekstrarkostnaði dýpkunarskipisins „Grettis“, og hver hefur árangurinn orðið?

V. Til viðskiptamálaráðherra varðandi viðskiptasamninga við Danmörku.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hefur skuld sú, sem Íslendingar stofnuðu til í Danmörku á s. l. ári og torveldaði viðskiptasamninga milli ríkjanna, verið yfirfærð?
2. Hafa viðskiptasamningar milli Íslands og Danmerkur verið gerðir fyrir yfirstandandi ár og á hvaða grundvelli?
3. Hvernig er viðskiptajöfnuðurinn á milli þessara ríkja á þessu ári?

VI. Til félagsmálaráðherra um sama kaup kvenna og karla.

Frá Soffiu Ingvarsdóttur.

Hefur ríkisstjórninni borizt fyrirspurn frá Alþjóðavinnuumálastofnuninni í Genf varðandi alþjóðlegar reglur um sömu laun karla og kvenna fyrir sömu störf? Ef svo er, hefur þá ríkisstjórnin svarað fyrirspurninni, og hver var afstaða ríkisstjórnarinnar til málsins?

VII. Til félagsmálaráðherra um athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna.

Frá Soffiu Ingvarsdóttur.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til athugunar á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna, er henni var falið samkvæmt þingsályktun á síðasta þingi?